



Reykjavík 27. október 2015

Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga/rekstraraðila leikskóla, skólaskrifstofa, formanna skólanefnda/fræðslunefnda, félagsmanna FL og FSL, foreldra leikskólabarna, Menntamálastofnunar og annarra sem málið varðar

Efni: Dagur leikskólans og Orðsporið 2016

Ágæti viðtakandi

Vakin er athygli á **Degi leikskólans** sem haldinn verður hátíðlegur í níunda sinn þann **5. febrúar 2016** eða daginn fyrir hinn raunverulega Dag leikskólans sem er 6. febrúar og ber nú upp á laugardag. Samstarfsaðilar um Dag leikskólans eru Félag leikskólakennara, Félag stjórnenda leikskóla, Samband íslenskra sveitarfélaga, mennta- og menningarmálaráðuneytið og Heimili og skóli – landssamtök foreldra.

Allir sem koma að málefnum leikskólans á einn eða annan hátt, eru hvattir til að halda Degi leikskólans á lofti og fylgjast vel með starfsemi leikskólanna þennan dag. Auk þess sem leikskólar um allt land gera starf sitt sýnilegt opinberlega hafa samstarfsaðilar ákveðið að halda daginn hátíðlegan með tvennum hætti. Haldin verður samkeppni um tónlistarmyndband og hvatningarverðlaunin *Orðsporið* verða veitt í fjórða sinn, að þessu sinni þeim sem þykja hafa skarað fram úr við að fjölga karlmönnum sem hafa leyfisbréf til kennslu í leikskóla. Tónlistarmyndbandskeppnin verður auglýst frekar í byrjun nóvember og ráðgert er að auglýsa eftir tilnefningum til *Orðsporsins 2016* í byrjun desember.

Dagur leikskólans 2015 var tileinkaður því átaki að kynna leikskólakennarastarfið sem vænlegt framtíðarstarf. Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði starfshóp í byrjun árs 2012 til að setja fram aðgerðaáætlun í þeim tilgangi að fjölga þeim sem sækja um leikskólakennaranám og stuðla þannig að nauðsynlegri nýliðun meðal leikskólakennara. Skýrslu starfshópsins, *Aðgerðir til eflingar leikskólastigsins*, er að finna á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í skýrslunni var meðal annars hvatt til þess að efnt yrði til kynningarátaks og var átaksverkefninu *Framtíðarstarfið* hleypt af stökkunum í apríl 2014 og endurtekið vorið 2015. Átakið fór meðal annars fram á Facebook og á vefnum framtidarstarfid.is. Þar er m.a. að finna viðtöl við starfsmenn leikskóla og nema í leikskólakennarafræðum sem segja frá leikskólastarfinu, fjölbreytni starfsins og leiðum til náms. Það er ánægjulegt að geta sagt frá því að aðsókn í námið hefur aukist. Aukinn stuðningur

sveitarfélaga við starfsfólk leikskóla til að sækja sér viðbótarmenntun hefur einnig haft áhrif á þessa fjölgun.

Í skýrslunni kemur einnig fram að fjölga þurfi karlmönnum sem sækja í leikskólakennaranám en einungis um 6% starfsmanna í leikskólum eru karlmenn, þar af eru 1,7% með leyfisbréf sem leikskólakennarar. Í skýrslunni kemur fram að markmiðið sé að karlmenn verði um 10% starfsfólks leikskóla árið 2050 og til að ná því markmiði þurfi 6-8 karlmenn að útskrifast úr leikskólakennarafræðum á ári. Til að vekja athygli á málefningu var haldinn morgunverðarfundur undir yfirskriftinni *Karlar í yngri barna kennslu – hvað ætlar þú að gera?* 9. október sl. Upptökur af fundinum má nálgast á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga, <http://www.samband.is/verkefningin/skolamal/frettir---skolamal/karlar-i-yngri-barna-kennslu-1>. Fyrirhuguð er ráðstefna um sama málefni 12. febrúar 2016.

Það er von okkar að þetta bréf hvetji viðtakendur til þess að huga að Degi leikskólans, hafa augun opin fyrir tækifærum til þess að karlmenn líti til leikskólans sem framtíðarvinnustaðar og að börn og starfsfólk leikskóla virki sköpunarkraftinn til tónlistarmyndbandagerðar.

Við vonum að þið hlakkið jafnmikið til dagsins og við gerum.

Við bjóðum góðan dag alla daga!

Samstarfshópur um Dag leikskólans,

Haraldur F. Gíslason
formaður Félags leikskólakennara

Ingibjörg Kristleifsdóttir
formaður Félags stjórnenda leikskóla

Klara E. Finnbogadóttir
sérfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Björk Óttarsdóttir
sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneyti

Hrefna Sigurjónsdóttir
framkvæmdastjóri Heimilis og skóla –
landssamtaka foreldra